

## **Polyplast PY grafískur prentlitur.**

Polyplast PY er prentlitur til silkiprentunar á allskonar plastefni; hörð eða sveigjanleg svo sem PVC, ABS, acryl, polyester, CAB og sellulós acetate. Hann er tilbúinn til notkunar, mjög þekjandi og þornar fljótt með glansandi áferð. Hann er mjög veðurþolinn og hefur gott viðnám fyrir sólarljósi og olíuefnum.

Við prentun er mælt með polyester prentneti með þéttleika 100-120 þ.sm. Þurrktími í heitum blæstri 55-65°C er aðeins 15-20 sek. og í stofuhita 8-15 mín. Þar sem við á má einnig pensla eða sprauta Polyplast PY ef um stórar merkingar er að ræða svo sem á yfirbreiðslur eða hliðar flutningatækja.

Litaúrval Polyplast PY eru 23 þekjandi litir ásamt process litum til fjögra lita prentunar. Blanda má einnig fjölda annarra lita með Pantone litakerfinu. Ýmsar áferðir fást í gull og silfur litum með notkun glæru (varnish) og íblöndun með gull eða silfur dufti. Íblöndunarefni eru ZV557 þynnir, ZV556 sprautuþynnir, ZV558 þurrktöf (retarder) og ZV561 Vinyl Gel þurrktöf.

Alltaf skal hræra prentlit vel upp fyrir hverja prentun og ráðlegt er að reyna festu litar á prentgrip áður en framleiðsluprentun hefst. Hafi hjálparefni verið bætt út í prentlit, má aldrei hella lit til baka í dósina.